



## Utanríkismálanefnd

Fundur um þjóðaröryggisstefnuna mánudaginn 18. maí, kl. 15:00.

### Almennt

Eins og upplýst var í innsendri umsögn Landhelgisgæslu Íslands þá á Landhelgisgæslan aðkomu að flestum þeim áhersluatriðum sem upp eru talin í inngangi þingsályktunarinnar.

Það skal ítrekað að Landhelgisgæslan sér hlutverk sitt sem framkvæmdar- og rekstraraðila og er það í þeim tilgangi sem Landhelgisgæslan telur mikilvægt að eiga aðkomu að undirbúningsferlinu.

Landhelgisgæslan er tilbúin að leggja til sérfræðipækkingu til að tryggja faglega umfjöllun á öllum stigum málsins þannig að hagræðing og skilvirkni náist við mótun stefnunnar.

**Þau áhersluatriði sem fram koma í stefnunni og Landhelgisgæslan á aðkomu að í dag eru:**

*(Talið upp í sömu röð og í þingsályktunartillögunni)*

- 1. Að horft verði sérstaklega til öryggishagsmuna Íslands á norðurslóðum í alþjóðasamvinnu og innlendum viðbúnaði.***

Landhelgisgæslan leiðir undirbúningsframkvæmd að stofnun alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar hér á landi, hefur sérfræðipækkinguna og er vel til þess fallin samanber ákvörðun stjórnvalda. Landhelgisgæslan er í dag í lykilhlutverki þegar kemur að framkvæmd verkefnisins en innan stofnunarinnar er til staðar fagleg þekking á verkefninu og áratuga reynsla. Landhelgisgæslan er virt stofnun meðal þeirra þjóða sem aðild eiga að norðurslóðum og er þátttakandi í flestum nefndum og stofnunum er að verkefninu koma.

- 2. Að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu verði áfram lykilstöð í vörnum Íslands og meginvettvangur vestrænnar samvinnu sem Ísland tekur þátt í á borgaralegum forsendum til að efla eigið öryggi og annarra bandalagsríkja.***

Samanber varnarmálalög nr. 34/2008 og samnings milli utanríkisráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins frá júlí 2014 er dagleg framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á ábyrgð Landhelgisgæslunnar og Ríkislögreglustjóra. Landhelgisgæslan er í rauntíma sambandi við stofnanir Atlantshafsbandalagsins og aðildarríki þess.

- 3. Að varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 tryggi áfram varnir Íslands og áfram verði unnið að þróun samstarfsins á grundvelli samningsins þar sem tekið verði mið af hernaðarlegum ógnum, sem og öðrum áhættuþáttum þar sem gagnkvæmir varnar- og öryggishagsmunir eru ríkir.***

Samanber varnarmálalög nr. 34/2008 og samnings milli utanríkisráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins frá júlí 2014 er dagleg framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna á ábyrgð Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan er í daglegu sambandi við stofnanir Bandaríkjanna.

**4. *Að efla og þróa enn frekar norræna samvinnu um öryggis- og varnarmál og annað grannríkjasamstarf sem lýtur að svæðisbundnum hagsmunum og þátttöku í alþjóðasamstarfi á því sviði.***

Samanber varnarmálalög nr. 34/2008 og samnings milli utanríkisráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins frá júlí 2014 er rökrétt að dagleg framkvæmd verkefna sem þessi liður fjallar um verði á ábyrgð Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan hefur nú þegar komið að framkvæmd flestra þeirra verkefna sem s.l. ár hafa komið til á sviði norrænar samvinnu um öryggis- og varnarmál. Hér má telja upp Iceland Air Meet 2014 þar sem þátt tóku Norðmenn, Svíar, Finnar, Bandaríkjamenn og Landhelgisgæslan fyrir hönd Íslendinga. Þessu til viðbótar hefur Landhelgisgæslan tekið þátt í Arctic Security Forces Round Table, SAREX sem haldin er við Grænland árlega og öðrum tengdum og tilfallandi æfingum undir merkjum norrænnar samvinnu. Landhelgisgæslan er einnig virkur þátttakandi í formlegu samstarfi strandgæslna norðurlandaþjóðanna auk þess að vera aðili að North Atlantic Coast Guard Forum og Arctic Coast Guard Forum.

**5. *Að tryggja viðtæka öryggishagsmuni Íslands með virku alþjóðasamstarfi á grundvelli alþjóðalaga og með friðsamlega lausn deilumála, afvopnun, virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu, jafnrétti kynjanna og baráttu gegn ójöfnuði, hungri og fátækt að leiðarljósi.***

Hér getur viðtæk reynsla Landhelgisgæslunnar af alþjóðlegu samstarfi komið að notum.

**6. *Að tryggja að í landinu séu til staðar varnarmannvirki, búnaður, geta og sérfræðipækning til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir í öryggis- og varnarmálum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.***

Samanber varnarmálalög nr. 34/2008 og samnings milli utanríkisráðuneytisins og innanríkisráðuneytisins frá júlí 2014 er dagleg framkvæmd verkefna á ábyrgð Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan rekur í dag öll varnarmannvirki og búnað Atlantshafsbandalagsins hér á landi. Í þessum tilgangi er Landhelgisgæslan í daglegu sambandi við þær stofnanir sem að verkefninu koma hér á landi og stofnanir Atlantshafsbandalagsins, utanríkisráðuneytið og fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu.

**7. *Að stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum, sem mótuð er af almannavarna- og öryggismálaráði, sé hluti af þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.***

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi Landhelgisgæslu Íslands í almannavarna- og öryggismálum þjóðarinnar. Landhelgisgæslan hefur í þessum tilgangi yfir að ráða, stjórnstöðvum, varðskipum, flugvélum, þyrlum, mannvirkjum og búnaði á Öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli auk sérþjálfaðs starfsfólks.

8. *Að stuðla að auknu netöryggi með áframhaldandi uppbyggingu á eigin getu og í samstarfi við önnur ríki.*

Landhelgisgæsla Íslands hefur ekki átt aðkomu að þessu verkefni hér á landi.

9. *Að Ísland og íslensk landhelgi sé friðlýst fyrir kjarnavopnum, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga, í því augnamiði að stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.*

Landhelgisgæslan hefur möguleika, sérfræðipækkingu og búnað til eftirlits með umferð ríkisfara um íslenska land- og lofthelgi.

10. *Að sett verði á laggirnar með sérstökum lögum þjóðaröryggisráð sem meti ástand og horfur í öryggis- og varnarmálum með reglulegum hætti, hafi eftirlit með framfylgd þjóðaröryggisstefnunnar og standi fyrir endurskoðun hennar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.*

Eins og fram kom í umsögn og rakið hefur verið hér að framan þá er það mat Landhelgisgæslunnar að tengslanet ásamt fag- og rekstrarþekkingu Landhelgisgæslunnar myndi nýtast þjóðaröryggisráðinu.

Samanber framangreint er það mat Landhelgisgæslunnar að nú þegar séu flest tíu áhersluatriða sem upp eru talin í þjóðaröryggisstefnunni til framkvæmdar hjá Landhelgisgæslunni og því bæði eðlilegt og hagkvæmt að Landhelgisgæsla Íslands eigi aðild að undirbúningsferlinu frá upphafi